

Fundargerð heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra

Fundur í heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra haldinn **7. október 2025** kl. 12:00 í fjarfundi á Teams.

Fundinn sátu: Arnar Þór Stefánsson, Guðný Helga Kristjánsdóttir, Ragnhildur Haraldsdóttir, Sigríður Ólafsdóttir og Sigríður Hjaltadóttir, framkvæmdastjóri.
Fundarstjóri: Arnar Þór Stefánsson.

Fjarverandi: Róbert Smári Gunnarsson, Jón Kolbeinn Jónsson,

Dagskrá

1. Áform um breytingu á fyrirkomulagi eftirlits
 2. Starfsleyfi
 3. Tóbakssöluleyfi
 4. Mál til kynningar / vinna milli funda
 - A. Skipulagsmál
 - B. Umsagnir til sýslumanns
 - C. Mál frá Mast
 - D. Mál frá UOS
 - E. Úr eftirliti
 - F. Mál frá SHÍ
 5. Fjárhagur og fjárhagsáætlun 2026
 6. Kostnaður við færslu heilbrigðiseftirlits NV yfir til stofnana ríkisins – upplýsingar frá nefndinni
 7. Önnur mál
-

1. Áform um breytingu á fyrirkomulagi eftirlits

Umhverfis-, orku- og loftlagsráðherra og atvinnuvegaráðherra hafa kynnt áform um að færa verkefni heilbrigðiseftirlita til tveggja ríkisstofnana – Matvælastofnunar og Umhverfis- og Orkustofnunar – með það markmið að einfalda og samræma eftirlit.

Áformin hafa verið birt í samráðsgátt stjórnvalda. Fyrirhugaðar breytingar fela í sér flutning eftirlitsverkefna heilbrigðiseftirlitssvæða á sviði hollustuhátta og mengunarvarna

til Umhverfis- og Orkustofnunar og eftirlits með matvælum til Matvælastofnunar. Áætlað er að breytingarnar taki gildi **1. janúar 2027**. Frestur til að skila inn umsögn var til 19. september 2025.

SHÍ sendi inn umsögn og heilbrigðiseftirlitið tók undir þær athugasemdir og bætti við:

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra tekur undir athugasemdir sem fram hafa komið frá Samtökum heilbrigðiseftirlita Íslands (SHÍ) og Félagi heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa í tengslum við málið. Sérstaklega er bent á þá alvarlegu hættu sem skapast þegar mikilvægar upplýsingar berast of seint eða alls ekki til staðbundinna yfirvalda (*local authority*). Slíkt getur tafið viðbrögð við atvikum sem hafa bein áhrif á heilsu og öryggi almennings, svo sem mengunarslys, loftslagsvá eða matarsýkingar.

Tekið er fram að heilbrigðisnefnd sendi ekki þessar athugasemdir.

2. Starfsleyfi

Starfsleyfi nr. 1962

Sigrún Davíðsdóttir, kt. 161169-4129, vegna reksturs fargufu við fjöru við Selasetur Íslands, Hvammstanga, sbr. *lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir*.

Ábyrgðarmaður: Sigrún Davíðsdóttir.

Samþykkt til 07.10.2037.

Starfsleyfi nr. 1963

Brim Guesthouse sf., kt. 710725-0630, vegna reksturs gististaða að Sæmundargötu 15, 550 Sauðárkrókur, sbr. *lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir*.

Ábyrgðarmaður: Þórður Grétar Árnason.

Samþykkt til 07.10.2037.

Starfsleyfi nr. 1964

Friðgeir Jónasson, kt. 131169-3109, vegna pökkunar kartaflna í Félagsheimilinu Húnaveri, 541 Blönduós, sbr. *lög nr. 93/1995 um matvæli og lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir*.

Ábyrgðarmaður: Friðgeir Jónasson.

Samþykkt til 07.10.2037.

Starfsleyfi nr. 1965

Valdemar K. T. Ásgeirsson, kt. 210465-2949, vegna pökkunar kartaflna í Biopol, 545 Skagaströnd, sbr. *lög nr. 93/1995 um matvæli og lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir*.

Ábyrgðarmaður: Valdemar K. T. Ásgeirsson.

Samþykkt til 07.10.2037.

Starfsleyfi nr. 1966

Bifreiðþjónusta Marvins ehf., kt. 480425-0300, vegna reksturs hjólbarðþjónustu og annarrar smáþjónustu fyrir bifreiðar að Börgartúni 6, 550 Sauðárkrókur, sbr. *lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir*.

7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Ábyrgðarmaður: Björn Steinbjörnson.

Samþykkt til 28.05.2037.

Starfsleyfi nr. 1967

Hvítserkur Guesthouse, kt. 131268-4839, vegna reksturs gististaðar að Súluvöllum ytri, 531 Hvammstanga, sbr. *lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir*.

Ábyrgðarmenn: Halldór Pálsson og Jónína Helga Jónsdóttir.

Samþykkt til 07.10.2037.

Starfsleyfi nr. 1968

Vatnsveitan Búrfelli, kt. 111255-4589, vegna reksturs vatnsveitu að Búrfelli, 531 Hvammstanga, sbr. *lög nr. 93/1995 um matvæli*.

Ábyrgðarmaður: Jón Eiríksson.

Samþykkt til 07.10.2037.

3. Tóbakssöluleyfi

Tóbakssöluleyfi nr. 1970

Djákninn ehf., kt. 530716-1120, vegna sölu tóbaks í verslun að Aðalgötu 19, 550 Sauðárkrókur, sbr. *lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir*.

Ábyrgðarmaður: Gunnar Viðar Þórarinnsson.

Samþykkt til 07.10.2029.

4. Mál til kynningar / vinna milli funda**A) Skipulagsmál**

a) Námur vegna Blöndulínu 3 – ekki talið háð mati á umhverfisáhrifum.

b) Breyting á deiliskipulagi á Sauðárkróki, Faxatorg – Flæðar; málsnr. 1294/2025.

Umsögn veitt 06.10.2025.

c) Bygging iðnaðarhúsnæðis að Borgarbraut 2, bifreiðþjónusta og myndver. Umsögn veitt 22.09.2025.

d) Heilbrigðiseftirlitið hefur tekið út húsnæði sem fyrirhugað er að rífa á Narfastöðum í Skagafirði. Heilbrigðisnefnd samþykkir að húsið verði rífið.

e) Stöðuleyfi fyrir fargufu við Selasetur á Hvammstanga veitt af byggingafulltrúa Húnaþings vestra til eins árs.

B) Umsagnir til sýslumanns

a) Valey ehf., kt. 630625-0330 – gistileyfi að Lækjarhvammi, 531 Hvammstangi.

b) Tækifærisleyfi fyrir stóðréttardansleik í Félagsheimilinu Víðihlíð.

Umsækjandi: Pétur Þröstur Baldursson.

Tímasetning: 4.–5.10.2025.

C) Mál frá Mast

a) Bréf frá forstjóra.

b) 22 tilkynningar hafa borist um aðskotahluti/aðskotaefni í matvælum.

c) Tilkynning um staðfesta riðu í Skagafirði.

D) Mál frá UOS

a) Tilkynningar um réttindanámskeið heilbrigðisfulltrúa og námskeið í sóttvörnum.

b) Hvalrekar við Húnaflóa hafa verið tíðir í september og fram í október.

Heilbrigðiseftirlitið tilkynnti UOS um hvalreka á Borðeyri. Hafrannsóknarstofnun tók sýni úr andanefjunni; niðurstöður liggja ekki fyrir.

Heilbrigðisnefnd leggur áherslu á að fylgt sé leiðbeiningum Umhverfisstofnunar hratt og vel, m.a. vegna mögulegra sýkinga í dýrunum, og að heilbrigðiseftirlitinu verði tilkynnt þegar sýnatökum er lokið.

E) Úr eftirliti

a) Átak í rotþróarmálum í Skagafirði. Enn eru nokkur hús og fyrirtæki í dreifbýlinu ekki tengd rotþró.

b) Hreinsunarátak í Skagafirði heldur áfram. Rætt var um mikla söfnun bílhræja í dreifbýli og aðferðir til að fjarlægja þau. Vel hefur gengið að taka til á geymslusvæðum, en leggja þarf meiri áherslu á hreinsun lóða fyrirtækja.

c) Ráðstefna í Lofoten á vegum Hólaháskóla um framleiðslu beint frá býli.

Framkvæmdastjóri hélt erindi um hollustuhætti í landbúnaði og ferðaþjónustu.

d) Fjallabyggð hefur tilkynnt formlega að hreinsun samkvæmt fyrirskipun heilbrigðiseftirlits Norðurlands vestra á Aðalgötu 6b, 580 Siglufirði, sé lokið. Báðar fasteignirnar voru fjarlægðar skv. áhættumati.

e) Fundað var vegna hreinsunarátaks í Húnaþingi vestra.

f) Framkvæmdastjóri sendi erindi til lögfræðings lögreglunnar í mars sl. vegna upphirðu bíla m.t.t. ábyrgðar. Svar barst frá Lögreglustjóra þar sem bent er á ábyrgð eigenda, þar með talið Vegagerðarinnar. Í kjölfarið var haft samband við Vegagerðina þar sem farið var fram á að brak úr hjólhýsum á veghelgunarsvæði á Holtavörðuheidi yrði fjarlæggt.

g) Mikill tími hefur farið í fundarhöld vegna áforma um að leggja niður Heilbrigðiseftirlitið. Fundir með ráðuneytum, Matvælastofnun, Sveitarstjórnun og með framkvæmdastjórum til að samræma umsagnir.

h) Olíuslys þar sem um 300 l fóru niður. Kallað var í slökkvilið, lögreglu auk þess sem starfsmenn stóðu vaktin. Olían var hreinsuð og sorinn fór í olíuskiljuna. Haft var samband við Holræsaheinsibíl til að tæma olíuskilju og var bent á sveitarfélagið til að fá staðsetningu á hvar farga ætti olíumengaðan jarðveg. Viðkomandi fyrirtæki var bent á að um sandmengaða olíu væri að ræða og úrgangurinn ætti að fara í Álfsnes eða til Akureyrar.

i) Skriðuhlaup var yfir vatnsból Ólafsfirðinga. Vatnsbólið var hreinsa og brunnar og safntankur hreinsaður skv. fyrirmælu Heilbrigðisfulltrúa, sýni voru tekin í framhaldi sem stóðust reglugerð en grugg var þó hærri enn áður.

j) Tilkynning barst til Heilbrigðiseftirlits vegna hundbits og er það í rannsókn lögreglunar í samvinnu við HNV og Mast.

F) Mál frá SHÍ

Mikil vinna hefur farið fram hjá stjórn SHÍ vegna áforma um að leggja heilbrigðiseftirlitin niður, m.a. umsögn í samráðsgátt stjórnvalda og svar við erindi frá atvinnuvegaráðuneytinu þar sem óskað var upplýsinga um starfsemi heilbrigðiseftirlitanna.

5. Fjárhagur og fjárhagsáætlun 2026

Eftirfarandi tillaga að fjárhagsáætlun fyrir árið 2026 var lögð fram.

Hún felur í sér um 3% hækkun á gjaldskrá og um 2,5% hækkuð framlög frá aðildarsveitarfélögum.

Launakostnaður hækkar m.a. vegna 0,3% aukins vinnuframlags, launahækkana og verðlagsþróunar.

Ákveðið að fresta fjárhagsáætlun.

Næsti fundur heilbrigðisnefndar er áætlaður þriðjudaginn 28. október 2025 kl. 12:00.
Fundi slitið kl. 13:00.